

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1416****2022/EES/18/25****frá 17. júní 2021****um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar að útiloka flug, sem kemur frá Breska konungsríkinu, frá viðskiptakerfi Sambandsins með losunarheimildir (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 25. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með 25. gr. a í tilskipun 2003/87/EB er framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja ákvæði til að útiloka flug sem kemur frá þriðja landi frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (EU ETS). Slík ákvæði ættu að stuðla að sem bestu samspili milli viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir og ráðstafana þriðja lands til að draga úr áhrifum á loftslagsbreytingar vegna flugsamgangna.
- 2) Í desember 2020 náðist samningur milli Sambandsins og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands ⁽²⁾. Sambandið undirritaði viðskipta- og samstarfssamninginn milli Evrópusambandsins og Kjarnorkubandalags Evrópu annars vegar og Sameinaðs konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands hins vegar (hér á eftir nefndur samningurinn) á grundvelli ákvörðunar ráðsins (ESB) 2020/2252 ⁽³⁾ og Sambandið samþykkti hann á grundvelli ákvörðunar ráðsins (ESB) 2021/689 ⁽⁴⁾. Samningnum var beitt til bráðabirgða þar til hann öðlaðist gildi 1. maí 2021 ⁽⁵⁾. Í samningnum er kveðið á um að sérhver aðili skuli hafa yfir að ráða skilvirku kerfi til verðlagningar á kolefni sem nær yfir flugsamgöngur og að flug frá flugvöllum, sem eru staðsettir á yfirráðasvæði Evrópska efnahagssvæðisins, til flugvalla, sem eru staðsettir í Breska konungsríkinu, skuli lúta reglum samkvæmt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Samkvæmt 7. mgr. 28. gr. a í tilskipun 2003/87/EB á undanþágan í 1. mgr. 28. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, en samkvæmt henni ættu aðildarríkin að lúta svo á að kröfurnar í þeirri tilskipun að því er varðar losun frá tilteknu flugi til og frá flugvöllum sem eru staðsettir í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins séu uppfylltar, einungis að gilda í samræmi við skilyrðin í samningnum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 305, 31.8.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2022 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

(2) Viðskipta- og samstarfssamningur milli Evrópusambandsins og Kjarnorkubandalags Evrópu annars vegar og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands hins vegar (Stjttíð. ESB L 444, 31.12.2020, bls. 14)

(3) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2020/2252 frá 29. desember 2020 um undirritun, fyrir hönd Sambandsins, og um bráðabirgðabæitingu viðskipta- og samstarfssamnings milli Evrópusambandsins og Kjarnorkubandalags Evrópu annars vegar og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands hins vegar og um samning milli Evrópusambandsins og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands að því er varðar öryggisverklag við skipti á trúnaðarflokkuðum upplýsingum og vernd þeirra (Stjttíð. ESB L 444, 31.12.2020, bls. 2).

(4) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2021/689 frá 29. apríl 2021 um gerð viðskipta- og samstarfssamnings, fyrir hönd Sambandsins, milli Evrópusambandsins og Kjarnorkubandalags Evrópu annars vegar og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands hins vegar og um samning milli Evrópusambandsins og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands að því er varðar öryggisverklag við skipti á trúnaðarflokkuðum upplýsingum og vernd þeirra (Stjttíð. ESB L 149, 30.4.2021, bls. 2).

(5) Tilkynning um gildistöku viðskipta- og samstarfssamnings milli Evrópusambandsins og Kjarnorkubandalags Evrópu annars vegar og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands hins vegar og um samning milli Evrópusambandsins og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands að því er varðar öryggisverklag við skipti á trúnaðarflokkuðum upplýsingum og vernd þeirra (Stjttíð. ESB L 149, 30.4.2021, bls. 2560).

- 3) Því er nauðsynlegt að breyta tilskipun 2003/87/EB til að útiloka flug frá flugvöllum, sem eru staðsettir í Breska konungsríkinu, til flugvalla, sem eru staðsettir á Evrópska efnahagssvæðinu, frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Til að viðhalda stöðugleika, að því er varðar skráningu flugrekenda í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, ætti þessi útilokun flugferða frá flugvöllum, sem eru staðsettir í Breska konungsríkinu, til flugvalla, sem eru staðsettir á Evrópska efnahagssvæðinu, ekki að hafa áhrif á ákvæði sem undanskilja tiltekna flugstarfsemi frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á grundvelli tiltekinna viðmiðunarmarka með tilliti til fjölda flugferða eða losunar á hvern flugrekanda.
- 4) Því ætti að breyta tilskipun 2003/87/EB til samræmis við það.
- 5) Þar eð samningnum var beitt til bráðabirgða frá 1. janúar 2021 ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda að því er varðar losun sem á sér stað frá þeim degi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í töflunni í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB er öðrum lið í færslunni „flugsamgöngur“ í dálkinum „starfsemi“ breytt sem hér segir:

- 1) Í stað annarrar málsgreinar j-liðar kemur eftirfarandi:

„Flugferðir sem um getur í l- og m-lið eða sem eingöngu eru til flutninga, í opinberri sendiför ríkjandi þjóðhöfðingja konungsríkis og nánustu vandamanna þeirra, þjóðhöfðingja, ríkisstjórnarleiðtoga og ráðherra aðildarríkis má ekki undanskilja að því er varðar þennan lið.“

- 2) Í stað k-liðar kemur eftirfarandi:

„k) frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2030: flugferðir sem myndu, ef ekki væri fyrir tilstilli þessa liðar, falla undir þessa starfsemi á vegum umráðenda loftfara, sem eru ekki með rekstur í atvinnuskyni, sem annast flugferðir þar sem heildarlosun á ári er minni en 1000 tonn (þ.m.t. losun frá flugferðum sem um getur í l- og m-lið),“

- 3) Eftirfarandi m-lið er bætt við:

„m) „flugferðir frá flugvöllum sem eru staðsettir í Breska konungsríkinu til flugvalla sem eru staðsettir á Evrópska efnahagssvæðinu.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. júní 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.